


FRÉTTABRÉF FEBRÚAR 2009

Félag dönskukennara



***Aðalfundur Félags dönskukennara
Skólabær 26. febrúar 2009 kl. 20:00***

Dagskrá:

- Fundur settur.
- Fundarstjóri skipaður.
- Fundarritari skipaður.
- Fundargerð síðasta aðalfundar lesin upp og borin undir atkvæði.
- Skýrsla formanns.
- Endurskoðaðir reikningar FDK lagðir fram og bornir undir atkvæði.
- Kosning formanns, 6 stjórnarmanna og 2 endurskoðenda.
- Félagsgjöld.
- Önnur mál.

Léttar veitingar í boði félagsins.

Nordspråk

Við viljum minna aftur á Nordspråk námskeiðið sem haldið verður í ágúst n.k. Á vegum Nordspråk stendur nú yfir undirbúningur á sumarnámsskeiði næsta ár. Eins og áður hefur verið sagt frá, þá mun það fara fram 3.-9. ágúst í Brønnoysund í Norður Noregi og er heiti námsskeiðsins “Det fantastiske element i nordisk litteratur”. Það eru bókmenntir H.C.Andersen, Ludvig Holberg, Jonas Lie og Astrid Lindgren sem og sagnahefð, sögur og ævintýri, sem eru fyrirmyndir sem mörg skáld nútímans á Norðurlöndum hafa sótt í. Hugmyndin er, að komast að raun um hvort “dulúð” í norrænum bókmenntum beri að skoða sem sér-norrænt afbrigði heimsbókmenntanna!! Þessu geta norrænu rithöfundarnir sem verða á námsskeiðinu í Brønnoysund uppi við Heimsskautsbaug næsta sumar vonandi svarað. Og svo mikið er víst að ekki mun hin stórbrotna náttúra Noregs skerða innblástur andagiftar!

Program: Det fantastiske i den nordiske fortælling

Mandag 3. august

1600-1900: Ankomst og middag

1900-2000: Ivar Roger Hansen: Fantastiske fortællinger fra Helgeland

Tirsdag 4. august

0900-1100: Gerd Karin Omdal: Det fantastiske i den nordiske fortælling

1100-1200: lunsj

1200-1400: Josefine Ottesen

1430-1630: Solrun Michelsen

Onsdag 5. august

Udflugt til Petter Dass-museet på Alstadhaug. Middag ved museet.

Torsdag 6. august

0900-1100: [John Ajvide Lindqvist]

1100-1200: Frokost

1200-1600: Udflugt til Torghatten

1900: Festmiddag

Fredag 7. august

0900-1100: Kirsten Kalleberg: Den fantastiske fortælling i klasserummet

1100: Frokost og hjemrejse

Verð fyrir námsskeiðið er Nkr.4300,- Eins og endranær er gert ráð fyrir að þátttakendur komi sér sjálfir á staðinn; allur annar kostnaður er innifalinn í námsskeiðsgjaldi.

Fag og metode—Námskeið FDK í janúar sl.

Námskeið var haldið á ráðstefnuasetrinu Glymi í Hvalfirði dagana 16.-17. janúar 2009. Mæting og innskráning var á föstudeginum kl. 14:30. Það var fallegt veður og tilhlökkun mikil hjá dönskukennurum að hittast á þessum yndislega stað. Ágætlega var mætt, og bæði móttökur og fyrirlesarar frábærir. Þarna var dekrað við okkur með góðum mat, kaffi og heitum potti. Lilja Ósk Úlfarsdóttir sálfræðingur fjallaði um vinnusálfræði. Hún fræddi okkur m.a. um kulnun starfsmanna í starfi og hvaða þættir þar m.a. eru einkennandi. Þeir sem vinna með fólk og þurfa að gefa mikið af sér eru í hvað mesta áhættuhópi hvað þetta varðar. Starfsmaðurinn örmagnast tilfinningarlega, mikil spenna hefur þar oftast áhrif og einstaklingurinn verður þreyttur í starfi. Þess vegna getur starfsmaðurinn ekki gefið eins mikið af sér og áður. Lilja Ósk benti á ákveðna einstaklinga sem verða frekar fyrir kulnun í starfi en aðrir. Það eru ekki einungis þeir sem vinna með fólk heldur einnig þeir sem eru miklir eldhugar og þóttumst við dönskukennarar námskeiðsins þar geta heimfært það á okkur sjálfa. Einnig verða einhleypir frekar fyrir kulnun og þá fólk sem ekki fær nægilega mikla umbun eða viðurkenningu fyrir störf sín. Þeir sem vinna mikið undir álagi eru einnig í áhættuhópi. Þá benti Lilja Ósk okkur á að hugsunin hafi áhrif á það sem einstaklingurinn gerir og því þurfi stundum að reyna að breyta henni ef vel á að fara.

Seinni fyrirlesarinn var Michael Dal sem fjallaði um tölvur og tungumál.

Nauðsynlegt er að þekkja inn á hvernig tölvur geta nýst okkur í tungumálakennslu í þeim mikla tölvuheimi sem við búum við í dag. Hann kynnti okkur fyrir því hvernig nota má ákveðið hljóðforrit til að hanna kennslufni fyrir nemendur. Með því má taka upp ýmis konar náms- og /eða kennslufni með notkun hátalara, úr sjónvarpinu eða útvarpinu. Einnig kynnti Michael forritið “movie maker” sem er m.a. notað til að taka upp myndbönd— lifandi myndir og ljósmyndir. Inn á myndirnar er síðan hægt að setja þá tónlist sem kennarinn/nemandinn óskar hverju sinni eða skrifa áhugaverðan og skemmtilegan texta við myndirnar til að auka færni nemenda í tungumálanáminu. Nemendur þurfa fjölbreytta örvun í námi. Með þessari tækni er einmitt hægt að auka á þessa fjölbreytni og ánægju, jafnt í námi sem kennslu. Öll þurfum við kennarar tilbreytingu og hvatningu til nýrra dáða til að forða okkur frá kulnun í starfi!

AF NORDSPRÁK

Helgina 5.- 8. febrúar s.l. var haldið í Kaupmannahöfn námskeiðið „Dansk som fremmedsprog i Island, Grønland og Færøerne“. Þar var í brennidepli dönskukennsla í Færeyjum, á Íslandi og Grænlandi. Alls voru þátttakendur 15 talsins, og var upprunalega hugmyndin sú að 5 kæmu frá hverju landi. Því miður komu engir Grænlandingar; meira að segja veðurtepptist fyrirlesarinn frá Grænlandi og komst ekki í tæka tíð. Breytti þetta dálítið forsendum námskeiðsins, en fyrir okkur frá Íslandi var það áhugavert og fróðlegt að heyra af sögu og hugmyndafræði dönskukennslu í Færeyjum, og bera saman bækur við frændþjóðina sem næst okkur býr. Fyrirlesarar frá Íslandi voru þær Erna Jessen og Hafdís Ingvarsdóttir, frá Færeyjum kom Solveig Debess fagstjóri í dönsku og frá Grænlandi átti Birthe Nielsen fagstjóri að koma en komst því miður ekki.

Ellen Krogh, prófessor við Syddansk Universitet með fyrirlestur

Stjórn FDK vill benda félagsmönnum á ráðstefnu *Samtaka móðurmálskennara* sem haldin verður í Bratta, KHÍ laugardaginn 21. mars nk. Yfirskrift ráðstefnunnar er **Framtíð móðurmálskennslu á Íslandi á 21. öld - Framtíðarsýn, markmið og leiðir**. Vill félagið sérstaklega benda á þekktan danskan fræðimann *Ellen Krogh*, ph.d. í kennslufræði í dönsku og prófessor við Syddansk Universitet. Áætlað er að fyrirlestur hennar hefjist kl. 14:00 og mun hún segja frá rannsóknum sínum á kennslufræði dönsku sem móðurmáls og endurskipulagningu fagsins. Hefur stjórn FDK gert samkomulag við Samtök móðurmálskennara um að félagsmenn FDK séu hjartanlega velkomnir á fyrirlestur hennar. Viljum við hvetja ykkur til að koma á fyrirlestur Ellen Krogh.

FRÉTTABRÉF FEBRÚAR 2009

Ábyrgðarmaður: Auður Leifsdóttir
Stígahlíó 35, Reykjavík
Pósthólf 8112, 128 Reykjavík
Netfang: fdk@fdk.is

